

## Fyrirspurn

**til umhverfis- og auðlindaráðherra um stefnu um vistvæn  
atvinnutæki á svæðum í umsjá stofnana sem  
heyra undir ráðuneytið.**

Frá Kolbeini Óttarssyni Proppé.

1. Hefur verið mörkuð stefna um að einungis vistvæn atvinnutæki, svo sem fólksflutninga-  
bifreiðar, þjónustubifreiðar o.fl., fái að koma á svæði í umsjá stofnana sem heyra undir  
ráðuneytið, þ.e. svæði í umsjá Skógræktarinnar, Landgræðslu ríkisins, þjóðgarðsins á  
Þingvöllum, Vatnajökulþjóðgarðs, þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og önnur friðlýst svæði,  
m.a. í umsjá Umhverfisstofnunar?
2. Ef ekki, er áformað að setja slíka stefnu og kynni þá að koma til skoðunar að tilgreina  
í henni að eftir tiltekinn árafjölda verði óheimilt að aka atvinnutækjum sem knúin eru  
jarðefnaeldsneyti inn á umrædd svæði?
3. Hvaða fjárfestingar þyrfti að ráðast í við innviðauppbyggingu yrði slík stefna sett?

**Skriflegt svar óskast.**